

Marco Mancini

Reykjavík, 11. júlí 2019
UST201904-107/G.R.G.
11.16

Leyfi til innflutnings á maurum


Umhverfisstofnun vísar til umsókna Marco Mancini um leyfi til innflutnings á þremur laufskurðarmaurabúum (Atta Cephalotes) dags. 6. apríl 2019 og leyfi til innflutnings á átta búum Dinoponera maura frá Brasilíu (e. giant Amazonian ant) dags. 3. apríl 2019, til að hafa til sýningar í Fjölskyldu og húsdýragarðinum. Sótt er um leyfin í samræmi við 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun afgreiddi umsóknirnar samhliða þar sem að um er að ræða sambærilegar tegundir og sama umsækjanda.

Umhverfisstofnun hefur áður veitt leyfi til innflutnings á laufskurðarmaurum sbr. leyfi dags. 4. júlí 2017 (UST201704-097) og tvö laufskurðarmaurabú voru flutt til landsins í október sama ár. Annað búið dó nýverið og umsækjandi óskar því eftir innflutningsleyfi fyrir þremur búum til að eiga varabú fyrir sýningu í fjölskyldu- og húsdýragarðinum.

Í samræmi við 3. mgr. 63. gr. náttúruverndarlaga leitaði Umhverfisstofnun umsagnar sérfræðinganefndar um framandi lífverur vegna umsóknanna. Sérfræðinganefndin telur útilokað að þessar tegundir maura eigi möguleika á að geta þrífist hér á landi við náttúrulegar aðstæður, enda er um að ræða hitabeltistegundir sem þurfa aðstæður ólíkar þeim sem hér er að finna til að lifa af og fjölga sér. Niðurstaða nefndarinnar er að það séu hverfandi líkur á að einhver hætta stafi af innflutninginum fyrir íslenskt vistkerfi og telur ekki ástæðu til að leggjast gegn innflutningi þeirra, enda séu önnur lögformleg skilyrði uppfyllt.


Með hliðsjón af umsókninni, áhættumati hvorrar umsóknar sem unnin eru af erlendum sérfræðingum um tegundirnar og umsögn sérfræðinganefndarinnar telur Umhverfisstofnun ekki ástæðu til að ætla að innflutningurinn ógni eða hafi verulega áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

Að framansögðu veitir Umhverfisstofnun hér með leyfi til innflutnings á þremur laufskurðarmaurabúum og átta búum Dinoponera maura frá Brasilíu til notkunar í sýningar í fjölskyldu og húsdýragarðinum. Maurarnir og það lífkerfi (fungi) sem fylgir þeim skal geymt í lokuðu umhverfi þar sem hita og raka er stýrt í samræmi við þarfir þeirra.



Gísli Rúnar Gíslason
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sérfræðingur

Hjálagt: Eintak af leyfinu á ensku

Marco Mancini

Reykjavík, 11. júlí 2019
UST201904-107/G.R.G.
11.16

Import permit for alien species

The Environment Agency of Iceland has, in accordance with Article 63(1) of the Nature Conservation Act No. 60/2013 processed your applications dated April 6 2019 for a permit to import three colonies of leaf-cutting ants (*Atta cephalotes*) and April 3 2019 for a permit to import eight colonies of giant Amazonian ants (*Dinoponera* sp.) from Brazil for use in a educational display af Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn. The Agency decided to combine the applications and process them simultaneously.

The Agency has granted a importation permit for leaf-cutting ants (*Atta cephalotes*) on July 4 2017 (UST201704-097) and two colonies were imported in October 2017. One of the colonies died recently and the applicant therefore wishes to import three colonies as back up colonies for the exhibition.

In accordance with Article 63(3) of the Nature Conservation Act your applications were sent to the Expert Committee on Alien Species for review. The Committee came to the conclusion that it is impossible that these alien species can thrive under natural circumstances in Iceland as both of them are tropical species. Therefore the Committee concluded that it is very unlikely that the importation poses a threat or will have a significant effect on biological diversity in Iceland and did not object the importation as long as other legal formalities are fulfilled.

Considering the applications, risk evaluations and the review of the Expert Committee the Environment Agency of Iceland believes that the importation of the alien species does not pose a threat and is unlikely to have a significant impact on biological diversity.

The Agency agrees with the Expert Committee and hereby grants a permit for importation of three colonies of leaf-cutting ants (*Atta cephalotes*) and eight colonies of giant Amazonian ants (*Dinoponera* sp.) from Brazil for use in a educational display at Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn. The ant colony and the fungi they live on will be kept in a closed environment where heat and humidity will be controlled to the special needs.



Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri